



Nýársávarp
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. janúar 1991

Góðan dag, góðir áheyrendur.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs nýárs og þakka samfylgd samtíðarmanna á liðnum árum. Hún hefur verið mér vinarík, holl og verðmæt og ég hygg að allir Íslendingar geti hugsað á sama veg til samtíðarmanna, hver fyrir sig. Þannig er samstaða þjóðar okkar og það er lán okkar.

Á áramótum er okkur einatt efst í huga að minnast þeirra sem eiga í erfiðleikum og raunum, sem hafa misst þá sem þeim stóðu næst, og votta þeim einlægum samhug okkar. Mikill missir verður aldrei með neinum orðum bættur, en gott er að eiga í fórum sínum speki erlends skálds löngu liðinna tíma, sem kvað á þessa leið: Þegar hugurinn leitar til kærra förunauta okkar, sem gáfu heiminum líf með nærveru sinni, þá skulum við ekki segja: þeir eru farnir. Segjum heldur með þakklæti: þeir voru hér.

Við hver áramót reynum við jafnan að horfa til tveggja átta í senn. Um leið og við gerum upp við liðinn tíma, freistum við þess að skyggjast inn í framtíðina. Hvort tveggja er erfitt en um leið dýrmætt. Þegar horft er héðan af ystu nesjum til heimsbyggðarinnar á nýliðnum misserum, má í senn finna mörg fagnaðarefni og margt sem vekur ugg. Við höfum orðið vitni að meiri atburðum en nokkurn óraði fyrir, séð hraðari og óvæntari þróun en nokkru sinni fyrr. Í þeirri þróun hefur það verið gleðilegast að stórbætt sambúð stórvelda hefur bundið enda á það kalda stíð sem rak þjóðir í austri og vestri áfram í háskalegu og rándýru vígbúnaðarkapphlaupi. Við höfum séð merkileg skref stigin til afvopnunar, Þýskaland sameinast og Lýðræði fara í landvinninga um austanverða Evrópu. Okkur Íslendingum sem gjarna viljum trú á mátt orðsins, mátt skáldskaparins, hlýtur að vera það sérstakt ánægjuefni, að þar eystra hafa skáld og rithöfundar gegnt merku forystuhlutverki í sókn þjóða sinna til lýðréttinda. Einn þeirra, Václav Haval forseti Tékkóslóvakíu, heimsótti Ísland á liðnu ári til að vera viðstaddur frumsýningu á einu verka sinna. Sá góði gestur minnti okkur á breytileika heimsins eins og hann er geðþekkastur: maður sem verið hefur pólitískur fangi fyrir að segja upphátt það sem ekki mátti segja – af því að það gat vakið fólk til umhugsunar – er nú orðinn leiðtogi þjóðar sinnar og samnefnari. Um leið hefur Havel minnt á annað: á siðferðiskröfur í stjórnámálum, á nauðsyn þess að láta mennsk viðhorf umburðarlyndis, ósérplægni og kærleika njóta sín í opinberu lífi svo það verði ekki lagt undir „tæknifræðinga valdsins,“ sem hann kallar svo.

En þessi jákvæða þróun er líka blandin kvíða, eins og við vitum öll. Ný vandkvæði skjóta upp kalli. Tengjast sum efnahagslegum þrengingum, önnur erfiðri sambúð þjóða innan sömu landamæra, enn önnur eru tengd því að átök austurs og vesturs slógu menn blindu sem meðal annars ýtti undir stórháskalegan vígbúnað í Þriðja heiminum svonefnda, eins og nú síðast kemur fram við Persaflóa.

Að mörgu leyti sjást þannig í heimsatburðunum erfiðleikar mannglegra samskipta og við getum margt lært um hversu viðkvæm þau eru og hversu hverfult jafnan er öryggið.

Sú alþjóðlega þróun sem ljóslega stendur næst okkur Íslendingum er aukin samvinna Evrópuríkja, hugsanlegur pólitískur samruni þeirra. Það gefur auga leið að við hljótum að fylgjast með þessari þróun, bregðast við henni, taka þátt í henni með okkar hætti. Það vita allir að samningaviðræður um hagsmuni og stöðu Íslands *eru og verða* erfitt verk og hver niðurstaða afdrifarík. Við vonum að við getum leyst úr því dæmi af skynsemi og framsýni. Það er að sjálfsögðu ekki í mínum verkahring að mæla með einni aðferð, einni lausn eða annarri. En það hlýtur að vekja nokkurn ugg, hve þokukennar hugmyndir stór hluti landsmanna virðist hafa, ekki aðeins um valkosti okkar, heldur blátt áfram um núverandi stöðu okkar gagnvart EFTA og Evrópubandalagi. Hér er um þau *stórmál* að ræða sem heimta að bestu kostir lýðræðislegrar umræðu séu nýttir, og það gerist ekki nema almenningur viti sem gleggst hvað um er að ræða. Og á þessu sviði hlýtur að gilda hið sama og í allri samvinnu einstaklinga og þjóða: því aðeins er hún frjó og gjöful að allir haldi sinni reisn og sínum sjálfstæða vilja. Samvinna má aldrei byggjast á kúgun og hún felst ekki heldur í að vilji manna sé keyptur ... Hér ætti gróin menningarþjóð að geta verið bjartsýn. Sjálfstæði hennar, hið tvíþætta sem annars vegar er efnahagslegt og hins vegar menningarlegt, ætti sannarlega að vera tryggt *ef farið er með gát*.

Mörg eru dæmin, úr okkar eigin sögu og annarra, sem minna okkur á nauðsyn þess að stíga varlega til jarðar þegar ákvarðanir eru teknar um framtíð þjóðar. Það eru og gömul sannindi að enginn skilur hvað frelsið er sem hefur gleymt því, hvað það merkir að vera ófrjáls. Danir og Frakkar til að mynda skildu það ekki fyrr en þeir voru hernumdir í síðari heimsstyrjöldinni. Litháar, sem urðu sjálfstæð þjóð um leið og Íslendingar fengu fullveldi, hafa verið að minna okkur einmitt á þetta með því að leita fulltingis íslenskra stjórnvalda í nýrri sjálfstæðisbaráttu sinni. „Frelsið er dýrmætara en brauðið,“ sagði forseti þeirra, Landsbergis, þegar hann kom hingað til Íslands í haust.

Enginn má skilja þessi dæmi sem svo að hér sé verið að láta að því liggja að einhverjir séu þeir sem bíði eftir því að hrifsa af okkur frelsið með afarkostum og ofbeldi. Að vísu hygg ég að við séum búin að gleyma því hvað ófrelsi er. En það er jafnvíst, að margir eiga erfitt með að átta sig á því, að ofbeldi er þegar til lengdar lætur ekki eins hættulegt sjálfstæðisvilja þjóðar og uppgjafarhneigð. Ekkert er eins ömurlegt og að smáþjóð gefist smám saman upp við að vera hún sjálf, ráða sínu lífi, lifa í þessu landi í *sátt* við sjálfa sig og leggja þar með sitt af mörkum til að gera heiminn ögn betri en hann er.

Og sannarlega eigum við að geta lifað í sátt við sjálf okkur og landið. Ekki aðeins vegna þess að við búum við náttúruauðlindir sem ekki verða metnar til fjár, undursamlegar auðlindir eins og fallvötn, hreint vatn og tært loft. Heldur jafnvel enn frekar vegna þess að við eigum hinar óþrjótandi auðlindir mannhugans. Sigurður skáld Pálsson lýsir hluta af þessum auðlindum í nýju ljóði og heitir „Einu konungar Íslands“:

En fuglar vísa okkur veginn um gróinn svörð
og rústir bæja þar sem konungar sátu
við skriftir; konungar ljóðs og sögu
í litlum bæjum með víðáttur í höfði.

Það eru einmitt slíkar víðáttur sem geta orðið íslenskri þjóð að óþrjótandi auðlind um alla framtíð, víðátturnar í höfðinu, frelsi hugsunarinnar, hugvitsins og þekkingarinnar, samfara menningarlegri skáldsýn. Á stórmerkum ársfundi Vísindasjóðs og Rannsóknarráðs ríkisins nýverið komst Vilhjálmur Lúðvíksson meðal annars svo að orði:

„Rannsóknarráð er nú reyndar orðið þeirrar skoðunar að mikilvægustu möguleikar í farsælum alhliða efnahags- og þjóðfélagsframförum felist í skynsamlegri nýtingu *þekkingar*, *færni* og *hugvits*, þess *mannauðs* sem þjóðin býr yfir. ... Ríkustu þjóðirnar eru alls ekki endilega þær sem mestar eiga náttúruauðlindirnar. Mannlegir hæfileikar, *þekking*, *færni* og *hugvit* eru auðlind í sjálfu sér sem leysist úr læðingi ef rétt skilyrði og hvatning eru fyrir hendi.“

Það er þá viðfangsefni okkar að skapa þær forsendur að auðlindir mannhugans fái notið sín, að menntuð og upplýst æska geti trúað á framtíð sína í þessu landi og langi til þess framar öllu öðru að leggja þjóð sinni lið og tryggja henni sjálfstæði í samfélagi þjóðanna. Það gerist ef við ræktum með okkur þekkingu, færni og hugvit á borð við hvaða stórþjóð sem er. Þá getum við nýtt okkur það einstaka land og kosti þess sem við eigum og þá getur íslensk þjóð lagt sitt af mörkum til hagsældar og fegurra mannlífs í heiminum. Þess vegna megum við ekki missa æskublóma okkar úr landi af því að í boði séu gull og grænir skógar annars staðar. Fámenn eyþjóð á að skilja það, – og skilur – öðrum þjóðum betur, að hún má engan mann missa.

Nú eru þeir tímar að háværustu umræðurnar snúast um efnahagsmál. Enginn undrast að þau mál fari hátt, því víst hafa allar þjóðir áhyggjur af afkomu sinni og vilja tryggja hana sem best. En í þessari geysimiklu umræðu um efnahag og fjármál ættu menn ekki láta sér sjást yfir þau verðmæti, sem ekki verða á augabragði metin til fiska og í aska látin. Ef menn sjást ekki fyrir í augnablikskapphlaupi eftir gæðum, gleyma þeir í skammsýni sinni að treysta hinar nauðsynlegustu undirstöður að farsælu lífi um alla framtíð.

Öll eigum við okkur draumsýnir. Mín draumsýn er tengd því að við lifum í landi sem verði með sanni þekkt fyrir lifandi menningu, fyrir þekkingu og fyrir heilbriggt líf. Ég vil að þegar menn hugsi til þessa lands þá sjái þeir fyrir sér hreint land og óspillt, hreint loft, heilnæman mat, mannlíf sem stendur á gömlum merg og veit um leið öll þau tíðindi sem skipta máli á hverjum tíma. Við eigum reyndar töluvert af þessari mynd úti í heimi, eins og ég hef svo margoft orðið vör við á ferðum mínum. Það er ekki nema satt, að meðal upplýstra manna ríkir töluverð aðdáun á Íslendingum, fámennri sjálfstæðri þjóð sem ein þjóða í Evrópu hefur varðveitt fornt tungumál, sterk þjóð og stolt sem hafnar því að apa eftir orð úr ólíkum tungumálum heldur keppist við í nútímanum að þýða hugtök yfir nýjar uppfinningar og þekkingu með nýyrðum sem falla að þessari makalausungu, svo þjóðin geti haldið áfram að tala hana óbrennlaða og hugsa á henni með eigin orðum. Þeirri vegsemd fylgir að sjálfsögðu vandi: sá vandi að standa sem best undir henni og öll þurfum við að taka á okkur þá ábyrgð. En ekki til þess að rembast við að koma til móts við óskhyggju erlendra vina okkar, þótt ágætir séu, heldur fyrst og fremst vegna okkar sjálfra, sjálfsvirðingar okkar og vilja til að lifa í þessu landi. Og það var einmitt fararnestið sem okkur var fengið í byrjun þessarar aldar þegar hylla tók undir frelsi okkar og sjálfstæði:

Sé ég í anda knörr og vagna knúða,
krafti, sem vannst úr fossa þinna skrúða,
stritandi vélar, starfsmenn glaða og þrúða,
stjórnfrjálsa þjóð, með verslun eigin búða.

Þannig kvað Hannes Hafstein um draumsýn sína fyrir Ísland í Aldamótaljóðinu góða. Ekki er sú öld sem þá var ný enn liðin, en samt hafa ótrúlega margar óskir og spár þessa hugsjónamanns og eldhuga sinnar kynslóðar ræst. Hvatning hans er einnig:

Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið,
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er: að elska, byggja og treysta á landið.

Svo gild sem þessi hvatning kann að hafa verið um síðustu aldamót þá er hún ekki síður brýn núna og má vera okkur hinn gleðilegi boðskapur á nýbyrjuðu ári. Því ef við berum gæfu til að treysta á auðlindir mennskunnar, treysta á samfélag okkar og land, treysta sjálfum okkur til að axla alla ábyrgð, þá mun okkur líka farnast vel.

Á þessari stund eru mér ofarlega í huga þakkir til landsmanna fyrir þann góða hug sem mér var sýndur þegar ég átti stórafmæli. Sá hugur kom fram með mörgum hætti og ekki síst í gerð bókarinnar Yrkju og þeim viðtökum sem hún fékk. En þar lá að baki sú hugmynd, að efna í gjöf sem yrði að sjóði sem gengi til íslenskrar æsku og hún verði honum til ræktunar landsins. Eins og ég hef stundum minnst á áður er það sannfæring mín að ekkert sé vænlegra í uppeldi en að kenna börnum að rækta, því ræktun á einu sviði leiðir til ræktunar á öðrum, stuðlar að því að menn læra að hlúa að, byggja upp, auk þess sem í slíku uppeldi eflist það trúnaðarsamband við landið sem við megum síst án vera.

Þegar við ræðum ræktun lands og lýðs, þá erum við að tala um verkefni sem aldrei verður leyst: enginn fær sig lausan úr þeim bardaga, segir á vísum stað. Við höfum sem betur fer vaknað til umhugsunar um að í mörgu sé okkur áfátt í þeim efnum, að víða kreppi að. Og það er aðdúunarvert þegar menn stilla saman kraftana til stórra átaka – til að vernda tunguna, til að hlúa að börnum, til að vinna á vöndum sjúkdómi, svo nýleg dæmi séu nefnd. Fátt er okkur hollara gleðiefni en að geta sýnt að þjóðin standi saman þegar á þarf að halda, geri jafnvel betur en vonir stóðu til.

Hér er verið að tala um verkefni sem aldrei þrjóta. Og ekkert í þeim efnum er svo lítið að ekki sé gagn að. Mér var í sumar leið falið af grönnum okkar og Íslendingum að vera í forsæti á Umhverfisári Norðurlanda, en það er átak, eitt af mörgum þörfum, sem aldrei má setja punkt aftan við, eins þótt því ljúki formlega um tiltekin mánaðamót á þessu nýja ári. Um þessar mundir er unnið kappsamlega að því á öllum Norðurlöndum að finna leiðir til að virkja sem flesta til markmiðs sem okkur öll dreymir um að ná fyrir eða síðar – og kemst þótt hægt fari. Umhverfisár Norðurlanda er ekki herferð til að safna peningum til að láta eitthvað spretta heldur er lögd rík áhersla á að fólk geri sitt besta til að fjarlægja óhreinindi og mengandi þætti í sínu nánasta umhverfi, vinnustað, bæ, borg, landi, strönd, hafi. Þetta er stundum orðað á þá leið, að menn hugsi hnattrænt og *geri* það sem þarf í sinni heimabyggð, hvort sem um er að ræða orkusparnað, mengunarvarnir, ræktun eða annan þrifnað. Hve margir eru það ekki sem skilja sæmilega vel þann vanda sem fylgir sambúð okkar við náttúruna og auðlindirnar, en eins og gefast upp fyrirfram við að breyta þeim skilningi í athöfn og hugsa sem svo: hvað má ég? – ég breyti engu hvort eð er. En það er nauðsyn og möguleiki að reka af sér þennan draug dáðleysis. Hér er spurt um sjálfstraust og þá þjóðarhlýju og umhyggju sem segir okkur, að þegar um fólk er að ræða, þá viljum við engan mann missa: það sama á að gilda um landið og kosti þess.

Blaðamaður í Belgíu spurði mig ekki alls fyrir löngu: hvernig finnst yður að sitja á valdastóli? Hlálæg spurning ef til vill, en endurspeglar þá útbreiddu áráttu samtímans að hugsa í valdakeningum, spyrja fyrst og síðast hver hefur völd og láta sem fátt annað skipti máli. Spurningin kemur líka að gömlum og nýjum vangaveltum um völd eða öllu heldur valdaleyssi forseta Íslands og þá hvort hann á að seilast til valds sem mest hann má. En þá má halda áfram að spyrja: hver er sá sem vill leggja sig undir vald, vill lúta valdi? Hið dýrmæta lýðræði er svo margt: það er að taka tillit til hugsana annarra, setja sig í annarra spor, komast að samkomulagi um tillitssemi. Það er ekki harðstjórn meirihlutans, hve lögleg sem hún kann að vera að forminu til. Í góðu lýðræði felst upplýsing svo að allir geta tekið afstöðu sem hver og einn telur réttmæta: í því felst virðing fyrir síðuðum sambylisháttum, virðing fyrir rödd og rétti annarra undir því góða gamla kjörorði: orð skulu standa. Lýðræðið er líka í því fólgið að upplýsa þegnana sem best um alla kosti og hugsanlegar afleiðingar þeirra, um hvar ólán kunni að leynast og um það hvað reynst getur affarasælast þegar til langra tíma er litið. Sá sem slíku lýðræði vill þjóna getur að minnsta kosti reynt sitt besta til að vekja fólk til umhugsunar um ýmisleg mikilvæg málefni, án þess að negla þau við stundarhagsmuni valdastreitu.

Góðir Íslendingar.

Á þessum nýársdegi er á ný gengið til Bessastaðastofu. Nú um áramótin lýkur fyrsta áfanga í viðreisn hennar, en hún hefur ekki verið í notkun á hálfu ári. Þjóðin hefur reist sér góðan húsakost undanfarið og nú er komið að því að hlúa að gömlu húsunum frá fyrri öld og öldum. Það er mikið gleðiefni að verða vitni að þeirri hugarfarsbreytingu sem orðið hefur um allt land er varðar virðingu fyrir gömlum húsum og þeirri sögu sem í þeim er fólgin. Í öllum landshlutum hefur af miklum myndarskap verið gert við margvíslega dýrgrip, kirkjur, stofur, skemmur, bókhlöðu, verslunarhús og aðrar vistaverur og þeim forðað frá glötun. Hvarvetna eru þessar byggingar héraðsstolt til sóma fyrir samfélög úti á landi. Á sama hátt hefur Bessastaðastofu nú verið gert til góða og Bessastaðastofa er gersemi okkar allra. Hér á þjóðin sameiginlegar minningar sínar, hér er tákn hinnar sameiginlegu menningar okkar og eignar, hluti af öllu því margslungna sem gerir okkur að einni sjálfstæðri þjóð.

Gleðilegt nýtt ár. Megi farsæld og guðsþessun fylgja Íslandi og þjóðinni allri á árinu sem nú fer í hönd og um alla framtíð.